



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 • Sími 470 2300 • Fax 472 1588  
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður  
Netfang: sfk@sfk.is • Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi  
Erindi nr. D 140/1251  
komudagur 29.2.2012

28.02.2012

Innanríkisráðaneytið  
b.t. Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra  
Skúlagötu 7  
150 Reykjavík

393. mál

Efni: Útskrift úr fundargerð 2201. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 27.02.2012.

Eftirfarandi fært til bókar:

Mánudaginn 27.02.12. kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mætt: Cecil Haraldsson Guðjón Már Jónsson Margrét Guðjónsdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

3. Fjarðarheiðargöng. Bæjarráð Seyðisfjarðar leggur enn og aftur áherslu á að minna stjórnvöld á mikilvægi þess að Fjarðarheiðargöng komist í næstu samgönguáætlun. Bæjarráð bendir á að Fjarðarheiðin er í dag langerfiðasti fjallvegur landsins sem nýtur daglegrar vetrarþjónustu. Vegurinn um heiðina er í 550–620 m hæð yfir sjó á meira en 10 km löngum kafla og veðurlag í þeirri hæð að vetrarlagi oft afar erfitt. Brattar brekkur eru báðum megin heiðarinnar einkum Seyðisfjarðarmegin og mjög varasamar í hálfu og raunar við bestu aðstæður. Þungaflutningar um Fjarðarheiði hafa aukist mikið á undanförunum árum sem knýr enn á að án tafar verði hafinn undirbúningur að Fjarðarheiðargöngum vegna þess hve vegurinn er erfiður og viðsjárverður slíkri umferð. Þessu til áréttingar bendir bæjarráð einnig á að upptakasvæði vatnsveitu kaupstaðarins er í nágrenni vegarins og geta því óhöpp þar reynst sérstaklega afdrifarík.

Ofangreind niðurstaða bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst, f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar,

  
Bæjarstjórinn á Seyðisfirði

Afrit; Samgöngunefnd Alþingis  
Þingmenn Norðausturkjördæmis  
Vegamálastjóri